

**Nd.**

**606. Nefndarálit**

[92. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 59/1978.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar mælir með samþykkt frv. með svo hljóðandi

**BREYTINGARTILLÖGU:**

1. gr. orðist svo:

Á eftir h-lið 39. gr. laganna komi nýr stafliður, i, er orðist svo:

Að greiða kostnað samkv. nánari ákvörðun tryggingaráðs, vegna psoriasissjúklinga, sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga erlendis sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða, auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geti notið slíkrar fyrirgreiðslu.

Matthias Bjarnason gerir grein fyrir afstöðu sinni í umræðum.

Alþingi, 3. maí 1979.

Einar Ágústsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.
Bjarnfríður Leósdóttir.	Vilmundur Gylfason.	Jósef H. Þorgeirsson.